

Fréttapistill frá forseta Íslands

28. júní 2021

Mestu tíðindi nýliðinnar viku eru að sjálfsgöðu þau að öllum hömlum vegna farsóttarinnar hefur verið aflétt hér innanlands. Rúmt ár er nú liðið frá því að gripið var til fyrstu aðgerða til að verjast veirunni skæðu. Nú getum við aftur um frjálst höfuð strokið. Þegar þessi kaflaskil urðu var ég á strákamóti í fótbolta í Vestmannaeyjum og fagnaði þar þeim degi gleði og gæfu sem upp væri runninn. Gaman var að finna að fólki var eins innanbrjósts, bæði heimamönnum og okkur hinum sem fylgdu hressum krökkum á þennan glæsilega viðburð. Ég þakka öllum, sem komu að skipulagi hans og framkvæmd, kærlega fyrir þeirra mikla framlag.

Hinn merka afléttingardag, laugardaginn 26. júní, skrifaði ég hér á fésbók um sameiginlegan sigur okkar Íslendinga í baráttu við vághestinn, minnti á að enn þurfum við að halda vöku okkar og þakkaði þeim sem hafa lagt svo mikið af mörkum í þágu okkar allra. Samstaða skilaði árangri. Um helgina sáum við mátt hennar líka með öðrum hætti. Hundruð björgunarsveitarfólks leituðu að týndum ferðalangi við eldgosið í Geldingadölum. Og enn gafst ástæða til að fagna á laugardaginn var þegar þær fregnir bárust að maðurinn hefði fundist, hrakinn og hruflaður en vel á sig kominn að öðru leyti.

Frásögnum af laugardegi liðinnar viku lýk ég svo hér með því að þakka fyrir allar þær afmælikveðjur sem mér bárust þá, í kortum eða kveðjum á samfélagsmiðlum eða í eigin persónu á íþróttamótinu sem áður var getið. Takk strákar fyrir allar kveðjurnar! Og þið fullorönu líka!

Sumarsólstaða hefur verið minnst á norðurslóðum frá alda öðli. Í ár bar þær upp á 21. júní, þjóðhátíðardag Grænlandinga. Ullortuneq nefnist hann og þýðir það orð lengsti dagur ársins. Ég sendi okkar góðu grönnum hlýjar kveðjur á þjóðhátíðardeginum og ítreka þær hér um leið og ég óska þeim velfarnaðar á sjálfstæðis- og framfarabraut.

Á mánudaginn var komum við saman allnokkur og fögnuðum dálitlum áfanga í sögu Bessastaða. Ég vígði þá formlega nýjan göngu- og hlaupastíg meðfram heimreiðinni, Sveinbjarnarstíg. Eliza var einnig viðstödd og sömuleiðis Gunnar Einarsson bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og embættismenn sveitarfélagsins, auk fulltrúa þeirra sem unnu að hönnun og gerð stígsins, Hornsteina, Loftorku, VSÓ og Verkís. Þá var Skokkhópur Álftaness með í för. Félagsmenn tóku stíginn formlega í notkun með því að hlaupa hann fram og til baka og slóst ég með í för. Stígurinn auðveldar fólki að ganga, hlaupa eða hjóla að Bessastöðum og Bessastaðanesi og eykur öryggi slíkra vegfarenda. Mér finnst hann líka hafa táknrænt gildi, ekki er aðeins gengið út frá því að fólk komi akandi hingað.

Stígurinn nýi er kenndur við Sveinbjörn Egilsson, skáldið og þýðandann góðkunnna og kennara við Bessastaðaskóla á fyrri hluta nítjándu aldar. Hann bjó að Eyvindarstöðum á Álftanesi og gekk þaðan til Bessastaða svipaða leið og stígurinn liggur nú um. Hún var oft torsótt. Benedikt Gröndal, sonur Sveinbjarnar, segir svo í bókinni Dægradvöl, hinum stórskemmtilegu endurminningum sínum: „Vegurinn frá

Eyvindarstöðum að Bessastöðum var opt illur yfirferðar, og fór faðir minn þangað í skólann á hverjum morgni kl. 9 og 10; hann hafði langan broddstaf og var svo ljettur að hann henti sig á honum yfir breiðar grafir og dý.“ Með þessar línur í huga auk hinna gömlu vísuorða um Gauk á Stöng og leið til Steinastaða, sem ekki væri löng, orti Þórarinn Eldjárn kvæði sem geymir þessa hendingu: „Þá var öldin önnur, er Sveinbjörn stökk á Stöng – þá var ei til Bessastaða leiðin löng.“

Þriðjudaginn 22. júní tók ég á móti nýjum sendiherra Japans, Ryotaro Suzuki, sem afhenti trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Að athöfn lokinni buðum við Eliza til móttöku fyrir fólk sem sinnir samskiptum Íslands og Japans á einhvern hátt og var það skemmtileg stund.

Daginn eftir lá leiðin til Vestmannaeyja og var mér því ókleift að sækja leik Þórs við Keflavík í körfubolta karla í Þorlákshöfn á fimmtudaginn var. Sú viðureign reyndist sú síðasta í þessari úrslitarimmu því að heimamenn unnu öruggan sigur og tryggðu sér þannig Íslandsmeistaratitil í fyrsta sinn í sögunni. Ég óska Þórsurum í Þorlákshöfn hjartanlega til hamingju með það glæsta afrek. Við fjölskyldan förum öðru hvoru í sund þar syðra og er ætíð tekið vel á móti okkur í Íþróttamiðstöðinni. Þá er okkur í fersku minni opinber heimsókn í sveitarfélagið Ölfus fyrr í þessum mánuði. Eftir leik fengu leikmenn Þórs að sjálfsögðu ekki leynt gleði sinni og ég tók sérstaklega eftir orðum Styrmis Snæs Þrastarsonar, þess efnilega ungstirnis: „Þetta er svo skrítin tilfinning. Ég hef aldrei unnið neitt í neinum flokki, hvorki í yngri flokkum né meistaraflokki.“ Ef fólk leggur hart að sér geta góðir hlutir gerst.

Síðastliðinn föstudag hélt Eliza norður yfir heiðar og sótti þar fjölmarga viðburði. Um það má fræðast nánar á fésbókarsíðu hennar Eliza Reid og instagransíðunni @elizajeandreid.

Að lokum get ég þess að í síðustu viku tók ég þátt í markaðsátaki Íslandsstofu. Vakin er athygli á ferðamannalandinu Íslandi á táknrænan hátt, joggingbuxur endurnýttar og efni úr þeim notað í gönguskó. Lesið nánar hér:

<https://sweatpantboots.lookslikeyouneediceland.com>

Og alveg í blálokin hvet ég fólk til að sinna áfram eigin sóttvörnum þótt öllum hömlum hafi verið aflétt. Verum endilega dugleg að þvo hendur og spritta, minnka þannig líkur á veirusmiti og hvers kyns umgangspestum sömuleiðis ef út í það er farið. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar í nýrri viku og hlakka sjálfur til seinni bólusetningar sem nú er fram undan í mínu tilfelli. Góðar stundir.